

Birgir Mar Guðfinnsson
Formaður
Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur
Hafnargötu 9
240 Grindavík

19. desember 2013

Efni : Ábendingar og tilmæli eftir endurskoðun rekstrarársins 1. nóvember 2012 til 31. október 2013

Við höfum lokið endurskoðun á ársreikningi Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur (SVG) fyrir rekstrarárið 1. nóvember 2012 til 31. október 2013 sem lagður er fram af stjórnendum félagsins. Við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunarinnar höfum við skoðað innra eftirlit til að ákveða endurskoðunaraðgerðir með það að markmiði að gefa álit á ársreikningi SVG en ekki gefa álit á virkni innra eftirlits. Hér á eftir munum við setja fram ábendingar sem við viljum koma á framfæri í tengslum við endurskoðun okkar.

Innra eftirlit og bókhald

1. Í kjölfar aðalfundar sem haldinn var í upphafi árs 2013 var ákveðið að koma upp samþykktarferli fyrir reikninga og tryggja fullnægjandi aðgreiningu starfa hjá félaginu.

Farið var í skoðun á fylgiskjöllum og bókfærðum kostnaði í bókhaldi félagsins með því að velja handahófskennt úrtak úr kostnaðarreikningum í bókhaldi félagsins. Skoðun okkar leiddi í ljós að reikningar voru samþykktir af viðeigandi stjórnar- og/eða starfsmönnum. Fullnægjandi fylgiskjöl voru til staðar í bókhaldi félagsins fyrir sama úrtak.

Að okkar mati er aðgreining starfa fullnægjandi fyrir félag af þessari stærðargráðu. Verkfæri félagsins tryggir að samþykkt reikninga, bókun reikninga og umsýsla fjármuna sé ekki í höndum sömu aðila.

2. Samkvæmt launagreiningu eru aðeins stjórnarmenn, nefndarmenn og starfsmenn á launaskrá félagsins á árinu 2013.
3. Samkvæmt bókhaldi félagsins skuldar Birgir Mar Guðfinnsson formaður félagsins rúmlega 500 þús.kr. þann 31.10.2013 vegna fyrirfram greiddra launa og bústaðaleigu. Mælt er til þess að hvorki formaður né aðrir stjórnarmenn séu í skuld við félagið nema að því marki sem eðlilegt getur talist.

Við endurskoðunina höfum við átt gott samstarf við starfsmenn og stjórnendur félagsins og þökkum veitta aðstoð. Sé þess óskað munum við með ánægju veita frekari upplýsingar um endurskoðunina.

Virðingarfyllst,

Árni Snæbjörnsson
löggiltur endurskoðandi